þakklæti fundið til þeirrar hollustu og ástar til konungs og konungsættar, er ávarpið lýsir. 4 12. jan.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra ofanskráð allrahæst svar kunnugt hlutaðeigendum.

Auglýsing 5

um póstmál.

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir að póstafgreiðslan í Rangárvallasýslu skuli flutt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð að Odda á Rangárvöllum.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. jan. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður og vesturamtinu* **um borgun fyrir athugasemdir á veðbrjef.** 6 4. jan.

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrlausnar erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins og úrskurðar, út af því að landsbankastjórnin hefur neitað að greiða gjald í landssjóð fyrir athugasemdir er hann hefur gjört á 3 veðskuldabrjef til bankans, er þinglesin hafa verið á bæjarþingi Reykjavíkur, og hefur bankinn fært til þá ástæðu fyrir neitun sinni, að »öll hin umræddu veð (húseignir í Reykjavík) voru síðastliðið vor boðin upp til lúkningar hinum umræddu gömlu skuldum, sem þar með eru fallnar burtu« og hafi því verið þýðingarlaust að gjöra athugasemdirnar á hin nýju veðbrjef.

Fyrir því skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um, að þar sem höpt þau á veðeignunum, sem athugasemdirnar ræða um, virðast enn vera óafmáð úr afsals- og veðmálabókunum, og bæjarfógetanum ber eigi skylda til að afmá úr bókunum ex officio slík höpt, þó þau kunni að vera fallin burtu við sölu á nauðungaruppboði, þá hafi það verið skylda bæjarfógetans að gjöra hinar umræddu athugasemdir og heimta gjald fyrir þær til landssjóðs samkvæmt 31. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl.** 7 12. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá settum prófasti í Rangárvallaprófastsdæmi, sjera Kjartani Einarssyni í Holti, þar sem hann í fyrsta lagi fer fram á að jeg veiti sem fyrst leyfi til að kirkjan verði flutt frá Holti að jörðinni Ásólfsskála, og í öðru lagi